

Föstudaginn 2. nóvember 1973.

Nr. 80/1972: Ewald E. Berndsen

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. XVIII. kafli laga nr. 82/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1972. Krefst hann þess, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða sér kr. 2.700.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1963 til greiðsludags. Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefur saksóknara ríkisins verið stefnt til réttargæzlu. Rétt var að stefna saksóknara til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi, eins og máli er háttað.

Í bréfi dómsmálaráðuneytis 9. júní 1972, sem fram er lagt í Hæstarétti, „tekur ráðuneytið fram, að væntanlegur málskostnaður gjafsóknarbeiðanda verður greiddur úr ríkissjóði, þar sem hér er um lögbundna gjafsókn að ræða, sbr. ákvæði 154. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.“

Í Hæstarétti hafa verið lagðar fram dómsgerðir í bæjar-

þingsmálinu nr. 4/1969: Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Berndsens gegn Pétri Péturssyni og Kristjáni Eiríkssyni.

Áfrýjandi reisir fébótakröfur sínar á hendur stefnda á ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 82/1961, nú laga 73/1973. Stefndi krefst sýknu, m. a. fyrir þá sök, að bótakrafa sé fyrnd samkvæmt ákvæðum 157. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973. Samkvæmt nefndu ákvæði ber að taka kröfu stefnda til greina og dæma honum sýknu í máli þessu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um málskostnað. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er sýkn af kröfum áfrýjanda, Ewalds E. Berndsens, í máli þessu. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Ewalds Ellerts Berndsens, Vallargötu 18 í Sandgerði, höfðað samkvæmt heimild í 18. kafla laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. október 1970, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu fébóta að fjárhæð kr. 2.700.000 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1963 til greiðsludags og til vara að greiða aðra fjárhæð, sem dómurinn kann að ákveða, með sömu ársvöxtum frá sama tíma. Jafnframt krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961, hver sem úrslit málsins kunni að verða. Til réttargæzlu er stefnt í málinu frá Jóhönnu Baldvinsdóttur, Reynimel 74, Auði Auðuns dómsmálaráðherra, Ægissíðu 86, Þórði Möller yfirlækni,

Kleppsspítalanum, Baldri Möller ráðuneytisstjóra, Arnarhvoli, Valtý Albertssyni lækni, Túngötu 3, Valdimar Stefánssyni saksóknara, Ægissíðu 98, Kristjáni Eiríkssyni hæstaréttarlögmanni, Laugavegi 27, Kristjáni Kristjánssyni, fyrrverandi yfirborgarfógeta, Austurstræti 17, Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, Pósthússtræti 3, Gunnlaugi Briem sakadómara, Borgartúni 7, Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta, Skólavörðustíg 11, og Einar Ingimundarsyni, sýslumanni í Hafnarfirði.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Til vara er þess krafizt, að sefnukrafan verði stórglega lækkuð og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Á hendur hinum réttargæzlustefndu eru engar sérstakar kröfur gerðar í málinu. Þeir hafa og heldur eigi neinar kröfur gert, nema réttargæzlustefnda, Jóhanna Baldvinsdóttir, sem krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Malsatvik kveður stefnandi vera þau, að hinn 16. febrúar 1961 hafi honum verið dæmd sjálffræðissvipting með dómi, uppkveðnum af Gunnlaugi Briem, sakadómara í Reykjavík. Eftir dómsuppsögn hafi honum enginn lögráðamaður verið skipaður þrátt fyrir ótvíræð ákvæði 25. gr. lögræðis laga nr. 95/1947 fyrr en 24. apríl 1963, eða daginn eftir að Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður hafi kært ólögmeta handtöku og frelsisskerðingu stefnanda, sem þá hafi verið vistaður á Kleppsspítalanum nauðugur og án nokkurs fyrirfarandi né eftirfarandi samþykkis síns. Stefnandi kveður sér hafa tekizt að koma svohljóðandi orðsendingu út um glugga á geðveikrahælinu Kleppi:

„Til Guðlaugs Einarssonar.

Ég bið þig hér með Guðlaugur Einarsson, lögfr. að sækja tafarlaust um skilnað við konu mína Jóhönnu Baldvinsdóttur. Ég hefi ekki samþykkt að vera vistaður á Kleppi eða nokkru öðru sjúkrahúsi, og bið þig hafa tafarlaust samband við móður mína og sjá til þess að ég losni héðan tafarlaust út.

Kleppi 23/4 1963.

Ewald Berndsen.“

Stefnandi kveður lögmanninn, Guðlaug Einarsson, þegar hafa hafizt handa, eftir að ofangreind orðsending stefnanda hafði borizt honum í hendur, með kærubréfi til dómsmálaráðuneytisins og

mótmælabréfum til lögreglustjóra, sakadómara og yfirlæknisins á Kleppi, öllum bréfunum dags. 23. apríl 1963. Í bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins segir lögmaðurinn m. a.: „...Ég tilkynni yður, að ég geymi umbj. mínum allan og óskoraðan rétt til þess konar krafna og aðgjörða að lögum að marg gefnu tilefni (þ .e. handtaka stefnanda og vistun á Kleppi)“. Í bréfunum til lögreglustjóra og yfirlæknisins á Kleppi mótmælir lögmaðurinn rækilega hinum ólögmati aðgerðum gagnvart stefnanda og geymir honum allan og óskertan rétt til hvers konar krafna og aðgerða síðar, af því samræmi við lagaákvæði þar að lútandi. Stefnandi kveður föður sinn, Sigurð Berndsen, hafa átt frumkvæðið að handtökunni í fyrra sinnið, sem lögreglan í Reykjavík framkvæmdi hana 7. maí 1962, þar sem stefnandi var staddur í húsi nr. 52 við Snorrabraut hér í borg, en eftir að stefnandi hafði verið tekinn fastur, var hann fluttur til geymslu í fangageymslu lögreglunnar í Síðumúla, en fluttur daginn eftir nauðugur til vistunar á Kleppspítalann, þar sem honum var haldið innilokuðum dagana 8.—30. maí 1962 samkvæmt vottorði yfirlæknisins að Kleppi, Þórðar Möllers. Í síðara skiptið, sem stefnandi kveðst hafa verið handtekinn af lögreglunni í Reykjavík og varðar þetta dómsmál, segir hann, að sú handtaka og eftirfarandi vistun í Síðumúla og á Kleppi hafi verið gerð að fyrirlagi fyrrverandi eiginkonu sinnar, Jóhönnu Baldvinsdóttur, með atbeina Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmans. Telur stefnandi, að sú handtaka sín hafi verið framkvæmd þar, sem hann var á gangi í Pósthússtræti hér í borg hinn 18. apríl 1963. Hafi stefnandi verið fluttur til geymslu í fangahús lögreglunnar í Síðumúla, en daginn eftir, þann 19. apríl, fluttur nauðugur að Kleppi, þar sem hann hafi svo dvalizt samkvæmt vottorði yfirlæknisins, Þórðar Möllers, dagana 19. apríl—3. júní 1963. Í bæði skiptin, sem stefnandi var handtekinn og síðan vistaður í fangahúsi og á geðveikrahælinu Kleppi, segir í bréfi Þórðar Möllers, yfirlæknis á Kleppi, að þangað hafi stefnandi verið innlagður af Valtý Albertssyni lækni vegna drykkjusýki stefnanda, sbr. bréf yfirlæknisins til Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, rituðu að beiðni dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. janúar 1970. Stefnandi kveður það hvergi sjást í skjölum lögreglu, lækna né yfirleitt nokkurra viðkomandi aðilja, að nauðsynlegra og löglegra heimilda hafi verið leitað né eftir slíku grennslaszt, áður en handtaka hans í umrædd skipti og eftirfarandi innilokun í fangahúsi og á ýmsum deildum geðveikrahælisins hafi átt sér stað. Stefnandi kveður heldur ekki hafa verið leitað eftir sam-

þykki sínu og mótmælum sínum eigi heldur sinnt á einn eða annan veg. Stefnandi tekur fram, að hann hafi verið innilokaður á fjölbýlisstofum geðsjúklinga, sem ýmist séu taldir rólegir eða órólegir, en hann sjálfur sé, að sögn Valtýs Albertssonar læknis, sviptur frelsi sínu og innilokaður vegna drykkjusýki, en hvorki geðveilu né geðveiki. Stefnandi kveðst hafa verið þannig innilokaður í 68 daga, sbr. bréf Þórðar Möllers, yfirlæknis á geðveikrahælinu Kleppi.

Þá tekur stefnandi fram, að hinn 24. apríl 1963 hafi Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður verið skipaður af Kristjáni Kristjánssyni yfirborgarfogeta lögráðamaður sinn sem sjálfræðissvipts manns samkvæmt beiðni þáverandi eiginkonu sinnar, Jóhönnu Baldvinsdóttur. Stefnandi tekur og fram í þessu sambandi, að samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. apríl 1963, eða sama dag og Kristján Eiríksson er skipaður lögráðamaður hans, segi í nefndu bréfi ráðuneytisins til lögráðamannsins orðrét: „Eftir viðtöku bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags. 23. þ. m., ásamt tveimur fylgiskjölum, tekur ráðuneytið fram, að það með vísan til 31. gr. 1. nr. 95/1947 samþykkir, að Ewald Berndsen, stórkaupmaður, Grenimel 20, hér í bæ, verði fyrst um sinn þar til öðru vísi kann að verða ákveðið af ráðuneytinu, vistaður á lokuðu sjúkrahúsi, innlendu eða erlendu, til lækninga á drykkjusýki sinni. F. h. r. Baldur Möller/Ragnar Bjarkan“.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi að ólögum verið handtekinn og vistaður í fangelsi og síðar á geðveikrahælinu Kleppi samkvæmt því, sem að framan greinir. Kveðst stefnandi vitna til skýlausra og afdráttarlausra laga um lögræði nr. 95/1947 einkum 31. gr. þeirra laga, sbr. 11. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39/1964, sérlega og alsendis ákvæðum lögræðislaganna. Kveður stefnandi, að samkvæmt þverbrotum á ofangreindum lagaákvæðum hafi brostið öll skilyrði til frelsisskerðingar samkvæmt ákvæðum laga nr. 82/1961, einkum 1. tl. 1. mgr. 51. gr. þeirra laga. Af þessum sökum sé miskabóta og/eða fébótakrafa stefnanda óumdeilanleg eftir ákvæðum 154. gr. sömu laga, 3. tl., sbr. 151. og 157. gr. laganna. Stefnandi kveðst hafa öðlazzt lögræði (sjálfræði og fjárræði) með dómi sakadóms, uppkveðnum 17. apríl 1970, en réttarstefna hafi verið gefin út 16. október sama ár, svo hér greind fébótakrafa hafi verið uppi höfð lagalega, áður en fyrningarfrestur 157. gr. laga nr. 82/1961 hafi verið útrunninn.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er sýknu-

krafa á því reist, að málshöfðun þessi, sem reyndar hafi aldrei átt neinn efnislegan rétt á sér, hafi auk þess verið dregin óháfi-lega, þar sem 7—8 ár eða jafnvel 10 ár séu liðin, frá því atburð-ir þeir gerðust, sem nú sé stefnt út af. Séu því hugsanlegar kröfur fyrir löngu fyrndar og/eða niður fallnar fyrir aðgerðarleysi. Hafi stefnandi því eða umboðsmaður hans haft sérstök tilefni að hreyfa slíkum kröfum, ef hann yfirleitt hefði talið nokkurn bótagrundvöll vera fyrir hendi. En svo megi heita, að ekki hafi linnt málssókn-um af þeirra hendi undanfarin ár út af margvíslegum viðskiptum stefnanda og ríkisvaldsins, án þess að nokkru sinni hafi verið minnzt á slíkar kröfur.

Af hálfu réttargæzlustefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, eru dóm-kröfur hennar studdar þeim rökum, að hún hafi haft skilyrðis-lausan rétt til kröfu sinnar samkvæmt 7. gr., 2. tl., laga nr. 95/1947. Samkvæmt 10. gr. sömu laga þá hafi hún afturkallað kröfu sína um sjálfræðissviptingu. Samkvæmt 8. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 95/1947 þá beri að gera kröfu um sjálfræðissviptingu svo og fjárræðissviptingu til dómarans, sem rannsaki ex officio málið að hætti opinberra mála og sendi ákærvaldinu, sem síðan neyti valds síns. Þetta hafi eins verið gert í máli þessu. Ákæruskjal hafi verið gefið út og dómur eða úrskurður verið á því byggður.

Eins og fram er komið í málinu, var stefnandi vistaður á Kleppsspítala 8.—30. maí 1962 og síðan aftur 19. apríl—3. júní 1963, og liðu því 8—9 ár, frá því að stefnandi sætti þeirri með-ferð, sem hann krefst bóta fyrir í máli þessu, og þar til málið var höfðað, en málshöfðun þessi er reist á 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt 157. gr. sömu laga fynnist bótakrafa hins vegar á sex mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var látinn laus úr refsivist.

Stefnandi var sviptur sjálfræði frá 16. febrúar 1961 og síðar fjárræði til 17. apríl 1970, að honum var með dómi sakadóms Reykjavíkur veitt lögræði (sjálfræði og fjárræði). Hinn 24. apríl 1963 var stefnanda skipaður lögráðamaður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og eins og máli þessu er háttað þykir verða að líta svo á, að fyrningarfrestur hefjist, er stefnandi losnaði úr sjúkrahúsvist þeirri, er bótakrafa í máli þessu er m. a. reist á, eða hinn 3. júní 1963, enda ekkert því til fyrirstöðu, að stefnandi gæti þá þegar leitað réttar síns með máls-sókn.

Er því bótakrafa stefnanda fyrnd, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda var sótt um gjafsóknarleyfi við rekstur málsins. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var því lýst yfir, að litið væri svo á, að þar sem gjafsókn sé lögbundin í slíku máli, sbr. ákvæði 154. gr. laga nr. 82/1961, þurfi ráðuneytið eigi að taka afstöðu til gjafsóknarinnar. Með vísan til greinds lagaákvæðis þykir stefnandi eiga rétt á gjafsókn við rekstur máls þessa. Þóknun til talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 og greiðist úr ríkissjóði.

Rétt þykir, að málskostnaður, að því er varðar réttargæzlu-stefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármáaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ewalds Berndsens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Þóknun til talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 60.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður, að því er varðar réttargæzlustefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.